

Umhverfisstofnun Áb. 51 SBS KG
19. júní 2012 8.10.1
Tilv. UMH1120010/20-1



Fiskimjölsverksmiðja Bolung ehf.
Búðarkanti 2
415 Bolungarvík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 15. júní 2012
Tilv.: UMH1120010/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 1. desember sl. þar sem sótt er um undanþágu frá ákvæðum starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fyrir Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. sem vinnur rækjuskel frá Kampa ehf. á Ísafirði.

Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti til Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 3. janúar sl. kemur fram að Fiskimjölsverksmiðjan á Bolungarvík hafi ekki verið með gilt starfsleyfi síðan 1. febrúar 2006 en þá hafi starfsleyfi til handa fyrri rekstraraðila sem var Gná hf. runnið út. Í millitíðinni hafi ráðuneytið veitt tvær undanþágur fyrir reksturinn til handa Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf., hinn 16. janúar 2009 sem gildi til 31. desember 2009, og hinn 29. júní 2010 sem gildi til 1. janúar 2011. Umhverfisstofnun staðfesti að Fiskimjölsverksmiðja Bolungarvíkur ehf. hafi starfað án starfsleyfis frá 1. janúar 2011. Fiskimjölsverksmiðja Bolungarvíkur ehf. hafi sótt um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun og hafi umsókn borist hinn 15. janúar 2009, sem Umhverfisstofnun hafi tekið gilda. Vinna við undirbúning starfsleyfis hafi gengið hægt, m.a. vegna stopulla svara frá umsækjanda um þau atriði sem Umhverfisstofnun hafi óskað svara um. Síðast hafi Umhverfisstofnun sent drög að starfsleyfistillögu til Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. í júlí 2010 og óskað viðbrögða við þeim. Fulltrúi fyrirtækisins hafi þá lýst því yfir að allar forsendur hafi breyst og að búið væri að selja hluta búnaðar. Eftir það hafi engin frekari viðbrögð borist frá fyrirtækinu. Fram kemur í umsögninni að Umhverfisstofnun hafi skrifað Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. bréf hinn 29. desember 2010 þar sem fyrirtækinu var bent á að undanþága þess væri að renna út og ítrekaði var að ekki hafi verið brugðist við beiðni stofnunarinnar um viðbrögð við drögum að starfsleyfistillögu frá því í júlí 2010. Ekki hafi verið brugðist við þessari ábendingu og af framangreindu hafi stofnunin litið svo á að verksmiðjan væri ekki lengur starfandi. Einnig kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að mengun frá Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. sé að meginstofni þrífætt; frá frárennsli, sýnilegur reykur, auk lyktarmengunar frá hráefnisgeymslu og vinnslu. Fram kemur að stofnunin hafi ekki farið í eftirlitsferð í verksmiðjuna síðan 11. september 2009, en stofnunin setur eigi að síður fram í umsögn sinni eftirfarandi yfirlit um það ástand sem stofnunin kemst næst um mengunaráhrifin:

„Frárennsli frá verksmiðjunni liggur í fjöru og er um að ræða hálfopið rör. Úr

rörinu rennur rautt efni í læk til sjávar þegar vinnsla er í verksmiðjunni. Líklega er þó ekki um að ræða fituríkt efni þar sem að notuð er fituskilja og svo er að sjá að fugl sæki ekki í frárennslið. Umhverfisstofnun telur þó að þessi frágangur sé ekki ásættanlegur og ekki í samræmi við lög og reglur um frárennsli.

Sýnilegur reykur kemur frá verksmiðjunni. FB gaf þegar gengið var eftir svörum, þær upplýsingar að á meðal seldra tækja úr verksmiðjunni hafi verið P. HALVORSEN 15 TN/KLST 12 bara gufuketill en þar var um að ræða það tæki sem áður hefði verið notað til að uppfylla grein 3.4 í eldra starfsleyfi fyrir Gná hf. um að brenna útblásturloft í brunahólfi gufuketils. Engin vothreinsun á útblæstri fer fram í verksmiðjunni og er því við núverandi aðstæður engin hreinsun á loftmengun frá rekstrinum.

Hráefnisgeymslur fyrirtækisins þarfnast lagfæringa og þörf er að minnsta kosti á að lagfæra hurð. Lyktarmengun frá hráefnisgeymslu og vinnslu veldur íbúum óþægindum og kvartað hefur verið við Umhverfisstofnun vegna þess. Hráefni liggur í geymslu dögum saman og rotnar áður en komið er nægilegt magn að mati verksmiðjustjóra til að hefja megi vinnslu. Því er ljóst að hráefni er oft í afar slæmu standi þegar til vinnslu kemur. Þar sem Umhverfisstofnun hefur ekki farið í eftirlit hjá verksmiðjunni liggja þó engar tölulegar upplýsingar fyrir um þetta. Í næsta nágreinni verksmiðjunnar er rekin veitingasala. Veitingamaður staðarins hefur góðfúslega gefið Umhverfisstofnun leyfi til að hafa eftir sér að hann hafi misst viðskipti vegna ólyktar frá verksmiðjunni. Ljóst er því að lyktarmengun frá verksmiðjunni er bæði til óþæginda fyrir almenning og hefur áhrif á aðra starfsemi í nágreininu. “


Þá kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að í gögnum og eftir samræður við forsvarsmenn Fiskimjölsværksmiðju Bolungarvíkur ehf. vegna þessa erindis hafi fyrirtækið komið því á framfæri að útblástur frá starfseminni sé innan við 2% af því sem var þegar loðnuvinnsla var í verksmiðjunni. Því hafi mengunarvarnabúnaður verksmiðjunnar verið of stór og hann þyrfti að aðlaga að smærri verksmiðju. Þar muni verða lítið til vothreinsunar á reyknum. Fram kemur að líklega sé hægt að nota búnaðinn eftir breytingar með því að breyta sjódælum og rafmótorum. Eftir slíkar breytingar ætti sýnilegur reykur að hverfa. Varðandi frárennslismál þá telji Fiskimjölsværksmiðja Bolungarvíkur ehf. að fast efni í vökvanum sem myndi frárennslið sé aðeins brot af því sem komi frá einni rækjupillunarverksmiðju. Þá sé að mati FB engin fita í frárennsli og telji Umhverfisstofnun það líklega rétt. Samantekið hafi FB lýst sig reiðubúna til að lagfæra hurðambúnað á hráefnisgeymslu fyrir 15. júní 2012 og að ljúka við að aðlaga vothreinsun fyrir 1. júlí 2012. Ekki hafi komið fram í samræðum við forsvarsmenn Fiskimjölsværksmiðju Bolungarvíkur ehf. að brennsla útblásturlofts verði tekin upp á ný né tillaga um aðra meðhöndlun á lyktarmengun. Einnig séu fráveitumál fyrirtækisins einnig óleyst að mati Umhverfisstofnunar. Þegar Umhverfisstofnun meti málið í heild sinni, samskiptasögu rekstraraðila við stjórnvöld og hagsmuni, ásamt tillögum Fiskimjölsværksmiðju Bolungarvíkur ehf. að úrbótum, sé það mat stofnunarinnar að ekki séu forsendur til að halda rekstrinum áfram óbreyttum. Stofnunin taki jafnframt mið af þeim litlu viðbrögðum sem komið hafi í sambandi við vinnslu starfsleyfis og tómlæti vegna ítrekana Umhverfisstofnunar um að óskað sé eftir þátttöku rekstraraðila við gerð nýs starfsleyfis. Umhverfisstofnun leggi því til að beiðni Fiskimjölsværksmiðju Bolungarvíkur ehf. um undanþágu frá starfsleyfi verði hafnað. Umhverfisstofnun geri þó ekki athugasemdir við það ef umhverfisráðuneytið telji að gefa þurfi rækjuvinnslu Kampa ehf. ráðrúm til að brægðast við breyttum aðstæðum og veiti FB undanþágu eingöngu í þeim tilgangi. Umhverfisstofnun telji að þær aðgerðir sem Fiskimjölsværksmiðja Bolungarvíkur ehf. hafi lýst sig tilbúið til að gera hefðu getað breytt mati stofnunarinnar ef þeim væri þegar lokið. Stofnunin telji hins vegar ekki forsvaranlegt að veita frest fram á næsta sumar til að vinna þær.

Með tölvupósti hinn 16. janúar sl. barst ráðuneytinu með tölvupósti umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um erindi Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. Í umsögninni kemur fram að eftirlitið hafi fengið í hendur afrit af umsögn Umhverfisstofnunar varðandi undanþágubeiðni fiskimjölsverksmiðjunnar. Í umsögn Umhverfisstofnunar um undanþágubeiðni komi fram að fráveitumál verksmiðjunnar séu talin í ólestri. Fráveitan fari í gengum mjölskilju og síðan fituskilju þannig að rauð slika sé líklega litarefni úr rækjunni. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hafi ekki gert athugasemdir við rækjulit frá verksmiðjunni. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða bendir á í umsögn sinni að það skipti töluverðu máli hvort mjölverksmiðjan sé starfandi eða ekki. Fiskimjölsverksmiðja Bolungarvíkur ehf. taki við rækjuúrgangi frá rækjuverksmiðjunni Kampa á Ísafirði. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða hafi rætt við eiganda Kampa um hvaða möguleika þeir hafi til að losna við úrgang ef verksmiðju Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. verði lokað. Fram kemur að Fiskimjölsverksmiðja Bolungarvíkur ehf. hafi lokað verksmiðjunni haustið 2010 á meðan tæki voru fjarlægð úr verksmiðjunni. Eina leiðin sem forráðamenn Kampa hafi fundið þá var að sturta rækjuskel í sjóinn út af Hnífsdalsbryggju og hafi rækjuskelin síðan rekið á fjöru á Ísafirði með tilheyrandi sóðaskap. Í kjölfarið hafi síðan komið kvartanir frá íbúum. Eigandi Kampa hafi hug á að setja upp litla mjölverksmiðju sem taki við rækjuskel beint frá hreinsivirki. Til að bæta þessu við rækjuverksmiðjuna þurfi hins vegar að steypa undirstöður undir hús við verksmiðjuna og afla tilskilinna leyfa. Eigandi Kampa telji að mjölverksmiðja gæti verið komin við hlið rækjuverksmiðjunnar í vor. Í þessu ljósi telji Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða að til að bregðast við breyttum aðstæðum og fá lausn á málinu þurfi að veita undanþágu fram á sumar. En á þeim tíma ætti Umhverfisstofnun að geta klárað starfsleyfisvinnslu fyrir Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. og/eða Rækjuverksmiðjan Kampa að byggja mjölverksmiðju og afla tilskilinna leyfa. Fram kemur í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða að rækjuskel og fiskslóg séu þeir flokkar lífræns úrgangs sem mest falli til á Vestfjörðum. Ekki hafi hingað til tekist að finna farveg fyrir slóg. Forráðamenn Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. hafi upplýst að þeir hafi hug á að vinna slógmeltu úr því slógi sem til fellur á svæðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá eiganda Kampa, Jóni Guðbjartssyni, í maí 2012 breyttust framangreind áform Kampa og sé nú unnið að því að setja umrædda mjölverksmiðju upp á Bolungarvík. Ekki hefur verið sótt um starfsleyfi þar sem ekki hefur formlega verið gengið frá húsnæðismálum. Forsvarsmenn Kampa fyrirhuga að sækja um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar eins fljótt og mögulegt er. Í ljósi upplýsinga sem liggja fyrir nú í júní telji ráðuneytið að niðurstaða sé fengin í húsnæðismál Kampa.

Að fenginni framangreindum umsögnum og í ljósi þess að verið er að bræða rækjuskel hjá Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf. án mengunarvarnabúnaðar svo og að ekki hafi verið farið út í framkvæmdir til að bæta útblástur fellst ráðuneytið ekki á að veita umbeðna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið fellst þó á að á gefa rækjuvinnslu Kampa ehf. ráðrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum og veitir því Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur undanþágu eingöngu í þeim tilgangi nú í stuttan tíma og eigi lengur en til 15. júlí 2012.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbjörg Sæmundsdóttir


Íris Bjargmundsdóttir